

Hafi váttryggingamiðlari lagt inn starfsleyfi sitt fyrir gildistöku laga þessara gilda ákvæði þeirra um hvernig hann getur öðlast starfsleyfi á ný.

Váttryggingaumboðsmenn sem eru starfandi við gildistöku laga þessara skulu þegar í stað grípa til viðeigandi ráðstafana til að uppfylla skilyrði laganna og skulu uppfylla þau eigi síðar en 1. júlí 2005.

Váttryggingasölumenn skulu uppfylla hæfiskröfur laga þessara innan sex mánaða frá gildistöku þeirra.

*Gjört í Reykjavík, 11. maí 2005.*

**Halldór Ásgrímsson.**

**Halldór Blöndal.**  
(L. S.)

**Markús Sigurbjörnsson.**

---

*Valgerður Sverrisdóttir.*

## LÖG

### um fjarsölu á fjármálaþjónustu.

HANDHAFAR VALDS FORSETA ÍSLANDS

samkvæmt 8. gr. stjórnarskrárinnar

forsetisráðherra, forseti Alþingis og forseti Hæstaréttar,

*gjöra kunnugt:* Alþingi hefur fallist á lög þessi og vér staðfest þau með samþykki voru:

#### I. KAFLI

#### Gildissvið og orðskýringar.

##### 1. gr.

##### *Gildissvið.*

Lög þessi gilda um fjarsölusamninga um fjármálaþjónustu og markaðssetningu sem miðar að slíkum samningum.

##### 2. gr.

##### *Takmörkun á gildissviði.*

Nú er gerður samningur um fjármálaþjónustu í fjarsölu og í kjölfarið veitt þjónusta á grundvelli hans með einni eða endurteknum athöfnum og gilda þá lög þessi einungis um upphaflega samninginn.

Ef sömu aðilar gera með sér samninga um sömu tegund fjármálaþjónustu með innan við árs millibili er þjónustuveitanda einungis skylt að veita upplýsingar skv. 5.–10. gr. í tengslum við fyrsta samninginn.

##### 3. gr.

##### *Ófrávíkjjanleiki.*

Óheimilt er að víkja frá ákvæðum laga þessara með samningi ef það leiðir til lakari stöðu neytanda.

## 4. gr.

*Orðskýringar.*

Í lögum þessum er merking eftirfarandi hugtaka sem hér segir:

1. *Neytandi*: einstaklingur sem gerir samning um fjármálaþjónustu, enda sé samningurinn óviðkomandi starfi hans.
2. *Þjónustuveitandi*: einstaklingur eða lögaðili sem veitir fjármálaþjónustu í atvinnuskyni.
3. *Fjarskiptaaðferð*: samskiptaaðferð sem er nothæf til þess að markaðssetja fjármálaþjónustu eða stofna til fjarsölusamnings án þess að aðilar hans hittist.
4. *Fjármálaþjónusta*: móttaka endurgreiðanlegra fjármuna, útlánastarfsemi, greiðsluþjónusta, gjaldeyrisþjónusta, eignaleiga, útgáfa og umsýsla greiðslukorta, útgáfa og umsýsla rafeyris, viðskipti og þjónusta með fjármálagerninga, samningar um váttryggingar, samningar um lífeyri og önnur fjármálaþjónusta.
5. *Fjarsölusamningur*: samningur á milli neytanda og þjónustuveitanda um fjármálaþjónustu, sem er liður í skipulegri fjarsölu þjónustuveitanda og þar sem eingöngu er notuð fjarskiptaaðferð fram að og við stofnun samningsins.
6. *Varanlegur miðill*: tæki sem gerir neytanda kleift að geyma upplýsingar, sem beint er til hans, óbreyttar þannig að hann geti afritað þær og flett upp í þeim í ákveðinn tíma.

## II. KAFLI

**Upplýsingaskylda.**

## 5. gr.

*Upplýsingar um þjónustuveitanda.*

Eftirfarandi upplýsingar skal veita neytanda með hæfilegum fyrirvara áður en hann er bundinn af fjarsölusamningi eða tilboði:

1. Nafn, kennitölu, aðalstarfsemi og heimilisfang þjónustuveitanda þar sem hann hefur staðfestu og hvert það heimilisfang annað sem máli skiptir varðandi tengsl viðskiptavinarins við þjónustuveitandann.
2. Nafn, kennitölu og heimilisfang fulltrúa þjónustuveitanda í því ríki þar sem neytandi hefur búsetu.
3. Nafn, kennitölu og heimilisfang miðlara, umboðsmanns eða annars milliliðar sem kemur fram fyrir hönd þjónustuveitanda og tengsl hans við þjónustuveitanda.
4. Þá opinberu skrá sem þjónustuveitandi er skráður í, svo sem fyrirtækjaskrá, hlutafélagaskrá, samvinnufélagaskrá, firmaskrá eða skrár Fjármálaeftirlitsins.
5. Eftirlitsstjórnvald ef starfsemi þjónustuveitanda er háð leyfi.

## 6. gr.

*Upplýsingar um fjármálaþjónustu.*

Eftirfarandi upplýsingar og tilkynningar skal veita neytanda með hæfilegum fyrirvara áður en hann er bundinn af fjarsölusamningi eða tilboði:

1. Lýsingu á helstu einkennum fjármálaþjónustunnar.
2. Tilkynningu um sérstaka áhættu sem tengist fjármálaþjónustunni, þar með talið að verð sé háð sveiflum á fjármálamörkuðum og að upplýsingar um fyrri verðþróun eða árangur gefi ekki vísbendingu um þróun til framtíðar.
3. Heildarverð sem neytanda ber að greiða til þjónustuveitanda fyrir fjármálaþjónustuna, að meðtöldum öllum tengdum þóknunum, kostnaði, útgjöldum og sköttum. Ef ekki er unnt að gefa upp nákvæmt verð skal með skýrum hætti gerð grein fyrir grundvelli útreiknings á verði.

4. Tilkyningu um að mögulegt sé að neytandi þurfi að greiða aðra skatta og kostnað sem hvorki eru greiddir fyrir milligöngu þjónustuveitanda né lagðir á af honum.
5. Sérstakan viðbótarkostnað vegna notkunar fjarskiptaaðferðar.
6. Fyrirkomulag greiðslu og samningsefnda.
7. Takmarkanir á gildistíma veittra upplýsinga.

## 7. gr.

*Upplýsingar um fjarsölusamning.*

Eftirfarandi upplýsingar og tilkynningar skal veita neytanda með hæfilegum fyrirvara áður en hann er bundinn af fjarsölusamningi eða tilboði:

1. Hvort réttur til að falla frá samningi sé fyrir hendi.
2. Frest til að nýta sér rétt til að falla frá samningi, fjárhæðina sem neytandi getur þurft að greiða við nýtingu réttarins og önnur skilyrði fyrir að nýta sér réttinn, afleiðingar þess að rétturinn er ekki nýttur auk hagnýtra leiðbeininga um hvernig megi nýta rétt til að falla frá samningi.
3. Lágmarksgildistíma fjarsölusamnings þegar um er að ræða samning um fjármálaþjónustu sem veita á til frambúðar eða ítrekað.
4. Mögulegan rétt aðila til að segja upp samningum samkvæmt ákvæðum samningsins og afleiðingar uppsagnar.
5. Lög hvaða lands liggja til grundvallar tengslum þjónustuveitanda við neytanda.
6. Hvort og þá hvaða ákvæði eru fyrir hendi í samningnum um hvaða lög gilda um fjarsölusamninginn og varnarþing.
7. Á hvaða tungumáli upplýsingar og samningsskilmálar verða sendir á varanlegum miðli, sbr. 10. gr., og á hvaða tungumáli þjónustuveitandi mun hafa samskipti við neytanda.

## 8. gr.

*Upplýsingar um réttarúrræði.*

Eftirfarandi upplýsingar og tilkynningar skal veita neytanda með hæfilegum fyrirvara áður en hann er bundinn af fjarsölusamningi eða tilboði:

1. Hvort neytandi hafi aðgang að réttarúrræðum, öðrum en málshöfðun fyrir dómstólum, og þá hvernig neytandi getur nýtt sér þau.
2. Hvort fyrir hendi séu tryggingakerfi til hagsbóta fyrir neytendur, önnur en Tryggingarsjóður innstæðueigenda og fjárfesta.

## 9. gr.

*Upplýsingar við sölu eða markaðssetningu í síma.*

Við sölu eða markaðssetningu í síma skal nafn þess sem hefur samband við neytanda koma skýrt fram í upphafi símtals, ásamt upplýsingum um hver þjónustuveitandi er og að tilgangur símtalsins sé viðskiptalegs eðlis.

Ef neytandi gefur skýrt samþykki sitt þarf þjónustuveitandi einungis að veita eftirfarandi upplýsingar:

1. Nafn þess sem hefur samband við neytandann og tengsl hans við þjónustuveitanda.
2. Lýsing á helstu einkennum fjármálaþjónustunnar.
3. Heildarverð sem neytanda ber að greiða til þjónustuveitanda fyrir fjármálaþjónustuna, að meðtöldum öllum tengdum þóknunum, kostnaði, útgjöldum og sköttum. Ef ekki er unnt að gefa upp nákvæmt verð skal með skýrum hætti gerð grein fyrir grundvelli útreiknings á verði.

4. Tilkynningu um að mögulegt sé að neytandi þurfi að greiða aðra skatta og kostnað sem hvorki eru greiddir fyrir milligöngu þjónustuveitanda né lagðir á af honum.
5. Rétt til að falla frá samningi, þ.e. frest til að nýta sér réttinn, fjárhæðina sem neytandi getur þurft að greiða við nýtingu réttarins, önnur skilyrði fyrir að nýta sér réttinn og leiðbeiningar um hvernig að því skuli staðið.

Þjónustuveitandi skal tilkynna neytanda að frekari upplýsingar séu fyrirbyggjandi sé um þær beðið og hvers eðlis þær upplýsingar eru.

#### 10. gr.

##### *Hvernig upplýsingar eru veittar.*

Þjónustuveitandi skal veita neytanda upplýsingar um samningsskilmála, ásamt upplýsingum skv. 5.–9. gr., á pappír eða öðrum varanlegum miðli með hæfilegum fyrirvara áður en neytandi er bundinn af samningi eða tilboði.

Ef neytandi hefur óskað eftir að fjarsölusamningur sé gerður með fjarskiptaaðferð sem veitir ekki möguleika á að láta upplýsingar skv. 1. mgr. í té á varanlegum miðli skal þjónustuveitandi uppfylla upplýsingaskyldu sína skv. 1. mgr. þegar í stað eftir gerð samnings.

Neytandi á rétt á að fá, ef hann fer fram á það, samningsskilmála í pappírformi hvenær sem er á samningstíma fjarsölusamnings. Enn fremur á neytandi rétt á að breyta um fjarskiptaaðferð á samningstíma, nema breytingin samræmist ekki fjarsölusamningi eða eðli fjármálþjónustunnar.

### III. KAFLI

#### **Réttur til að falla frá fjarsölusamningi.**

#### 11. gr.

##### *Almenn regla.*

Neytandi hefur rétt til að falla frá fjarsölusamningi, án greiðslu viðurlaga og án þess að tilgreina nokkra ástæðu, enda sendi hann tilkynningu þar að lútandi til þjónustuveitanda innan 14 daga frá þeim degi sem fjarsölusamningur er gerður eða frá þeim degi þegar neytanda berast upplýsingar í samræmi við 1. og 2. mgr. 10. gr. ef þær upplýsingar berast eftir að fjarsölusamningur var gerður. Ef um er að ræða fjarsölusamning um kaup á líftryggingu hefur neytandi 30 daga frest til að falla frá samningnum.

Ef neytandi nýtir rétt sinn til að falla frá samningi skal hann innan frestsins og með sannanlegum aðferðum tilkynna þjónustuveitanda um það. Tilkynningin skal vera í samræmi við þær leiðbeiningar sem þjónustuveitanda ber að veita neytanda á grundvelli 2. tölul. 7. gr. Neytandi telst hafa virt frestinn samkvæmt grein þessari ef tilkynning á pappír eða öðrum varanlegum miðli er send áður en fresturinn rennur út.

#### 12. gr.

##### *Takmörkun.*

Rétturinn til að falla frá fjarsölusamningi gildir ekki um:

- a. þá fjármálþjónustu sem getur sveiflast í verði innan frestsins skv. 11. gr., eftir verðbreytingum á fjármálamörkuðum, án þess að þjónustuveitandi hafi stjórn þar á,
- b. ferða- og farangurstryggingar eða aðrar sambærilegar váttryggingar sem hafa skemmri gildistíma en einn mánuð,
- c. þá samninga sem hafa verið efndir að fullu af báðum samningsaðilum að ósk neytanda.

## 13. gr.

*Tengdir samningar.*

Nú er fjarsölusamningur tengdur öðrum fjarsölusamningi um vöru eða þjónustu á milli neytanda og þjónustuveitanda og fellur þá síðarnefndi samningurinn úr gildi án nokkurra afleiðinga fyrir neytanda ef hann nýtir sér rétt til að falla frá fyrrnefnda fjarsölusamningnum. Sama gildir ef fjarsölusamningur er tengdur öðrum fjarsölusamningi um vöru eða þjónustu á milli neytanda og þriðja manns sem þriðji maður er aðili að á grundvelli samnings á milli hans og þjónustuveitanda.

## 14. gr.

*Greiðsla fyrir veitta þjónustu.*

Ef neytandi nýtir sér rétt sinn til að falla frá samningi getur þjónustuveitandi krafði neytanda um greiðslu fyrir þá þjónustu sem þegar hefur verið innt af hendi, enda hafi hún verið innt af hendi að ósk neytanda áður en liðinn var frestur til að nýta rétt til að falla frá samningi og neytandi hefur sannanlega fengið í hendur upplýsingar um fjárhæðina sem hann gæti þurft að greiða við að nýta sér réttinn, sbr. 2. tölul. 7. gr.

Fjárhæðin sem krafist er skv. 1. mgr. skal vera í sanngjörnu hlutfalli við þá þjónustu sem innt er af hendi, miðað við heildarfjárhæð fjarsölusamningsins.

## 15. gr.

*Endurgreiðsla.*

Nú nýtir neytandi sér rétt til að falla frá samningi og skal hann þá, án tafar og eigi síðar en 30 dögum eftir að hann sendi tilkynningu þar að lútandi, endurgreiða þjónustuveitanda allt það fé og framselja öll þau eignarréttindi sem hann hefur fengið frá þjónustuveitanda á grundvelli fjarsölusamnings.

Nú hefur neytandi greitt þjónustuveitanda á grundvelli fjarsölusamnings og nýtir sér rétt til að falla frá samningi og skal þá þjónustuveitandi endurgreiða honum að frádreginni fjárhæð skv. 14. gr. Endurgreiðslan skal fara fram án tafar og eigi síðar en 30 dögum frá því að tilkynning um að réttur til að falla frá samningi verði nýttur er komin til þjónustuveitanda.

## IV. KAFLI

**Ýmis ákvæði.**

## 16. gr.

*Greiðsla með greiðslukorti.*

Fyrirtæki sem gefa út greiðslukort skulu setja skýrar reglur um það hvernig neytandi getur óskað eftir afturköllun á greiðslu hafi greiðslukort hans verið misnotað við gerð fjarsölusamnings sem ákvæði þessara laga taka til. Jafnframt skal þar kveðið á um hvernig endurgreiða skuli neytanda vegna ólögætrar misnotkunar á greiðslukorti hans.

## 17. gr.

*Óumbeðin þjónusta.*

Nú veitir þjónustuveitandi neytanda fjármálaþjónustu án beiðni þar að lútandi frá neytanda og er neytanda þá ekki skylt að greiða fyrir þjónustuna. Tómlæti neytanda verður ekki túlkað sem samþykki fyrir þjónustu.

## 18. gr.

*Bann við notkun tiltekinna fjarskiptaaðferða.*

Þjónustuveitanda er óheimilt að nota simbréf eða sjálfvirk upphringitæki við þá starfsem sem lög þessi taka til, nema neytandi hafi sérstaklega veitt samþykki sitt fyrir notkun slíkr fjarskiptaaðferða.

## 19. gr.

*Ákvæði um val á löggjöf í samningum.*

Ekki er heimilt að semja um að lög ríkis sem er utan Evrópska efnahagssvæðisins gildi ur fjarsölusamning sem er nátengdur yfirráðasvæði ríkja innan Evrópska efnahagssvæðisins e það leiðir til kjara sem eru neytandanum óhagstæðari en leiða mundi af lögum þessum.

## V. KAFLI

**Eftirlit og viðurlög.**

## 20. gr.

*Eftirlit.*

Fjármálaeftirlitið hefur eftirlit með framkvæmd laga þessara. Um eftirlitið gilda ákvæð laga um opinbert eftirlit með fjármálastarfsemi.

## 21. gr.

*Viðurlög.*

Það varðar sektum, liggi þyngri refsing ekki við broti samkvæmt öðrum lögum, að brjót gróflega eða ítrekað gegn ákvæðum laga þessara um upplýsingaskyldu skv. II. kafla, greiðsl með korti skv. 16. gr. og bann við notkun tiltekinna fjarskiptaaðferða skv. 18. gr.

## VI. KAFLI

**Innleiðing, gildistaka og breyting á öðrum lögum.**

## 22. gr.

*Innleiðing.*

Lög þessi eru sett með hliðsjón af ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 47/200 um breytingu á IX. viðauka og XIX. viðauka við EES-samninginn frá 16. maí 2003 og til þess að taka upp í innlandan rétt ákvæði tilskipunar Evrópuþingsins og ráðsins 2002/65/EI frá 23. september 2002 varðandi fjarsölu á fjármálaþjónustu fyrir neytendur og um breyting á tilskipun ráðsins 90/619/EBE og á tilskipunum 97/7/EB og 98/27/EB.

## 23. gr.

*Gildistaka.*

Lög þessi öðlast gildi 1. júní 2005.

## 24. gr.

*Breyting á lögum um lögbann og dómsmál til að vernda heildarhagsmunum neytenda, nr. 141/2001.*

Við 1. gr. laganna bætist nýr töluliður, sem verður 12. tölul., svohljóðandi: Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2002/65/EB frá 23. september 2002 varðandi fjarsölu á fjármála-

þjónustu fyrir neytendur og um breytingu á tilskipun ráðsins 90/619/EBE og á tilskipunum 97/7/EB og 98/27/EB.

*Gjört í Reykjavík, 11. maí 2005.*

**Halldór Ásgrímsson.**

**Halldór Blöndal.**  
(L. S.)

**Markús Sigurbjörnsson.**

---

*Valgerður Sverrisdóttir.*

## LÖG

### um græðara.

HANDHAFAR VALDS FORSETA ÍSLANDS

samkvæmt 8. gr. stjórnarskrárinnar

forsætisráðherra, forseti Alþingis og forseti Hæstaréttar,

*gjöra kunnugt:* Alþingi hefur fallist á lög þessi og vér staðfest þau með samþykki voru:

1. gr.

*Markmið og gildissvið.*

Markmið laga þessara er að stuðla að gæðum heilsutengdrar þjónustu græðara og öryggi þeirra sem leita eftir slíkri þjónustu eða nýta sér hana. Markmiði þessu skal m.a. náð með því að koma á fót frjálsum skráningarkerfi fyrir græðara.

Lögin taka til skráðra græðara og eftir því sem við á annarra græðara, þótt óskráðir séu.

2. gr.

*Skilgreiningar.*

Með orðinu *græðari* í lögum þessum er átt við þá sem veita heilsutengda þjónustu utan hinnar almennu heilbrigðisþjónustu.

Með *heilsutengdri þjónustu græðara* er átt við þjónustu sem einkum tíðkast utan hinnar almennu heilbrigðisþjónustu og byggist fremur á hefð og reynslu en gagnreyndum vísindalegum niðurstöðum. Slík þjónusta felur í sér meðferð með það að markmiði að efla heilsu fólks, lina þjáningar, draga úr óþægindum og stuðla að heilun.

3. gr.

*Skráningarkerfi.*

Komið skal á fót frjálsum skráningarkerfi fyrir græðara. Skráningarkerfið skal vera í umsjá Bandalags íslenskra græðara. Bandalaginu er heimilt að innheimta skráningargjald sem standa skal undir kostnaði við skráningu hvers græðara og rekstri og viðhaldi skráningarkerfisins. Bandalagið ákveður fjárhæð skráningargjalds og skal hún staðfest af ráðherra. Bandalagið skal tryggja að almenningur hafi greiðan aðgang að upplýsingum um það hvaða græðarar eru skráðir á hverjum tíma og hver sé starfsgrein þeirra.